

Til foreldra/forráðamanna ungmenna í 8. – 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Fjallabyggð, 20.09.2017

Efni: Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar NEON.

Kæru foreldrar/forráðamenn!

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar NEON er nú að fara í gang (22. september). Hér koma upplýsingar til ykkar um væntanlega starfsemi félagsmiðstöðvarinnar á komandi vetri.

Starfsemi Neon tekur mið af æskulýðslögum nr. 70 frá 2007 en tilgangur þeirra er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.

Neon vinnur að uppbyggilegu uppeldis-, fræðslu- forvarnar- og frístundastarfi og í nánú sambandi við alla þá aðila er koma að málefnum barna og unglunga með það að markmiði að sameiginlega náist sem bestur árangur. Unnið skal markvisst að uppbyggingu fjölbreyttrar starfsemi og vera hvetjandi til enn frekara starfs og reyna eins og kostur er að samræma störf félaga er sinna málefnum barna og unglunga.

Neon vinnur markvisst með unglungalýðræði. Markmiðið er að þjálfa unglunga í að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þeirra eigin skoðunum og eigin forsendum.

Líkt og undanfarin ár verður starfsemin til skiptist á Siglufirði (Billanum) og í Ólafsfirði (KF-vallarhús).

Starfsemin verður tvö kvöld í viku, miðvikudaga og föstudaga milli kl. 20:00 – 22:00. Þegar starfsemin fer fram á Siglufirði fer rúta frá vallarhúsinu í Ólafsfirði kl. 19:30. Þegar starfsemin fer fram í Ólafsfirði fer rúta frá grunnskólahúsinu við Norðurgötu kl. 19:30. Í öllum tilfellum er starfsmaður á vegum NEON með í rútunni.

Miðvikudaga verður alltaf opið í Ólafsfirði og föstudaga á Siglufirði.

Í vetur mun Daníela Jóhannsdóttir hafa umsjón með starfinu. Með henni verða Alma Svanhild Róbertsdóttir, Patrekur Þórarinnsson og Markús Romeó Björnsson. Yfirmaður þeirra og ábyrgur fyrir rekstri félagsmiðstöðvarinnar er undirrituð.

Skipað hefur verið í Neonráð og fyrir liggur að setja saman dagskrá fyrir veturinn. Þegar dagskráin liggur fyrir fáid þið sendar upplýsingar um hana

Með kveðju,

Ríkey Sigurbjörnsdóttir
deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála.